



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Haustönn 2021

ENSK2OR05

Orðaforði og ritun

| | | |
|----------|----------------------------|-----|
| Kennari: | Paola Daziani | PD |
| Kennari: | Thelma María Marinósdóttir | TMM |

Áfangalýsing:

Markvisst er unnið með almenna og sérhæfða texta og reynt að byggja upp hagnýtan orðaforða. Nemendur eru þjálfaðir í skipulegri framsetningu ritaðs máls, bæði hvað varðar uppbyggingu og orðaforða. Áhersla er lögð á alhliða færni í málinu.

Undanfari: ENSK2OL05 og ENSK2HC05

Þekkingarviðmið

- nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins, þ.m.t. orðasamböndum og þverfaglegum orðaforða
- notkun tungumálsins til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins bæði munnlega og skriflega
- helstu hefðum um uppsetningu og skipulag ritaðs máls, s.s greinamerkjasetningu

Leikniviðmið

- nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- skilja algengustu orðasambönd sem eru einkennandi fyrir talað mál
- taka virkan þátt í samskiptum á viðeigandi hátt og beita málfari við hæfi
- tjá sig skýrt og hnökralaust um málefni sem hann hefur kynnt sér og undirbúið
- skrifa formlega texta og fylgja helstu rithefðum og reglum um málbeitingu

Hæfniviðmið

- nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilja daglegt mál, svo sem samræður og fjölmiðlaefni og skilja án vandkvæða megininntak erinda og rökræðna
- tileinka sér efni ritaðs texta og hagnýta á mismunandi hátt
- lesa texta þar sem ákveðin viðhorf eða skoðanir eru kynntar, átta sig á tilgangi og afstöðu textahöfundar og bregðast við eða tjá skoðanir sínar munnlega eða skriflega um efni þeirra
- taka þátt í skoðanaskiptum og haga orðum sínum í samræmi við aðstæður og tjá sig á skýran og áheyrilegan hátt
- skrifa margs konar texta og fylgja þeim ritunarhefðum sem eiga við í hverju tilviki fyrir sig,

Námsefni:

New Writing Exercises Autumn 2020
Academic Skills Level 3

a good online dictionary

or a good monolingual printed dictionary (English-English)

fjölrit á skrifstofu FSU
Oxford

Kjörbók: Nemendur velja sér **eina** bók af eftirfarandi titlum:

- ✓ **Light on Snow** Anita Shreve
- ✓ **The Heavens May Fall** Allen Eskens
- ✓ **Orphan Train** Cristina Baker Cline

Sérreglur áfangans:

Nemendur lesa **kjörbók** og taka fjögur próf úr henni í tímum.

Í **New Writing Exercises** verða nemendur þjálfaðir í **ritun efnisgreina og í notkun samtenginga** (connectives). Á önninni eru unnin ýmis verkefni bæði í munnlegu og skriflegu formi. Unnið verður að bættum orðaforða með vinnu við orðstofna og orðmyndun. Verkefnaheftinu New Writing Exercises skal skilað.

Sérreglur áfangans:

Skilaskylda er á öllum verkefnum. Gefin er einkunnin 0/núll fyrir próf eða verkefni sem ekki er tekið eða skilað nema skráð viðurkennd forföll komi til. Nemendur sem eru löglega afsakaðir þreyta ólokin próf í lok annarinnar (undantekningar eru prófin úr kjörbókinni og munnlega prófið. Þau verða tekin eftir ákvörðun kennara). **Athugið að þessar reglur gilda líka um eldri nemendur.** Nemendur fæddir 2002 eða fyrr sem ekki geta sótt tíma að öllu jöfnu verða í byrjun annar að ganga frá samningi mætingar og vinnu á önninni. Inna er ekki bara notuð sem upplýsingabanki og til verkefnaskila heldur er grundallaratriði á covid tímum.

Það er ekki lokapróf í þessum áfanga.

Námsmat:

| Námsþáttur | Lýsing á námsmati | Vægi |
|--------------------|------------------------------------|------|
| Kjörbók | Fjögur próf | 15% |
| Ritun Efnisgreinar | Þrjár efnisgreinar | 25% |
| Samtengingar | Eitt próf | 10% |
| Munnlegt verkefni | Spjall um ákveðið efni í 5 mínútur | 15% |
| Academic Skills | Fjögur próf | 25% |
| Lesskilningur | Eitt - tvö verkefni | 10% |
| Samtals | | 100% |

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Selfoss, 16. ágúst 2021